

Lög

**um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,
nr. 4/1995 (gjaldfrjálsar skólamáltildir).**

1. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við tekjur Jöfnunarsjóðs skv. 8. gr. a á árunum 2024–2027 bætist árlegt framlag úr ríkis-
sjóði sem Jöfnunarsjóður úthlutar til þeirra sveitarfélaga sem bjóða öllum nemendum upp á
gjaldfrjálsar skólamáltildir í grunnskólum.

Framlag skv. 1. mgr. skal skiptast hlutfallslega á milli sveitarfélaga eftir heildarnemenda-
fjölda í grunnskólum í hverju sveitarfélagi 1. janúar skólaárið á undan og greiðist mánaðar-
lega til sveitarfélaga frá 1. ágúst 2024 til loka árs 2027, að undanskildum júlíímánuði ár hvert.
Ef ekki kemur til úthlutunar til sveitarfélags á grundvelli ákvæðisins skal reiknað framlag
Jöfnunarsjóðs til viðkomandi sveitarfélags endurgreitt ríkissjóði.

Ákveði sveitarfélag að taka gjald fyrir skólamáltildir á grundvelli 23. gr. laga um grunns-
skóla, nr. 91/2008, eftir að Jöfnunarsjóður hefur úthlutað framlagi til þess á grundvelli 1. og
2. mgr., skal sveitarfélagið endurgreiða Jöfnunarsjóði úthlutað framlag til þess fyrir það tíma-
bil sem sveitarfélagið hefur tekið gjald fyrir skólamáltildir, og skal fjárhæðin renna í ríkissjóð.
Sama á við ef sjálfstætt rekinn grunnskóli, sem gert hefur þjónustusamning við sveitarfélag
á grundvelli 43. gr. a laga um grunnskóla, ákveður að taka gjald fyrir skólamáltildir.

Jöfnunarsjóði er heimilt að halda eftir öðrum framlögum sjóðsins til sveitarfélags hafi
sveitarfélagið fengið ofgreitt framlag, sbr. 3. mgr.

Ráðherra skal skipa starfshóp skipaðan einum fulltrúa ráðherra sem fer með sveitar-
stjórnarmál, sem jafnframt er formaður, einum fulltrúa ráðherra sem fer með málefni grunns-
skóla og tveimur fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem skal leggja mat á nýtingu
og áhrif framlags skv. 1. mgr. Meðal annars skal meta áhrif á markmið um að auka jöfnuð
og draga úr fátækt meðal barna, hvort allir árgangar nýti sér gjaldfrjálsar skólamáltildir og
hver sé ávinningur einstakra sveitarfélaga og landshluta. Þá skal meta reynslu og ánægju
nemenda og foreldra. Niðurstaða hópsins skal liggja fyrir eigi síðar en 30. júní 2025.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 22. júní 2024.